



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. desember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjöld o.fl. (205. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar sem m.a. er ætlað að auðvelda framkvæmd tollalaga.*

Líkt og [Samtök iðnaðarins](#) tekur Viðskiptaráð undir hagkvæmni breytinga frumvarpsins hvað varðar endurgreiðsluheimildar til innlendra framleiðenda (4. gr.), dreifingu aðflutnings- og vörugjalda (3. og 5. gr.) og skráningu innskatts á virðisaukaskattskýrslu (6. gr.). Þá er Viðskiptaráð sammála tillögu SI um afturvirkni 4. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins þá er almennt ekki úr vegi að sektarheimildir hækki í samræmi við almennt verðlag, en slíkt hið sama ætti einnig að eiga við um fjölmörg önnur krónutöluviðmið í löggjöf sem telja má ívilnandi fyrir fólk og fyrirtæki – sem hefur ekki alltaf verið raunin. Í þessu tilviki er hækkunin einna helst lögð til í þeim tilgangi að auðvelda álagningu sekta þegar sökunautur hefur lýst sig reiðubúinn að ljúka máli hjá tollstjóra með þeim hætti. Með því má komast hjá óþarfa málsmeðferð hjá lögreglufyrirvöldum, til hagsbóta fyrir alla sem málið varðar.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.*

Virðingarfyllst,

---

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands